

Sp.

152. Fyrirspurnir.

[127. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um Landmanna-, Gnúpverja- og Holtamannaafrétti.

Frá Árna Gunnassyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Hefur landbúnaðarráðuneytið, eða forustumenn landbúnaðarmála, gert einhverjar ráðstafanir til að kanna eða bæta úr því alvarlega tjóni sem varð á Landmanna-, Gnúpverja- og Holtamannaafréttum í síðasta Heklugosi og mun hafa umtalsverð áhrif á beitarþol beitilanda þeirra bænda sem reka fé á þessa afrétti?

II. Til félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvaðan verða Byggingarsjóði ríkisins útvegaðar 1200 milljónir króna til að leysa vanda sjóðsins fram til næstu áramóta?
2. Hefur verið aflað aukins fjár í Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1980 til að mæta þörfum nýrra útlánaflokka sjóðsins án þess að dregið sé úr fjárstreymi til almennra íbúðalána?
3. Hvað er áætlað að hámarksupphæð almennra íbúðalána hækki mikið á árinu 1981 í hlutfalli við byggingarkostnað?
4. Hvernig verður Byggingarsjóði ríkisins tryggt fjármagn til að mæta þeim tekjustofni, sem sjóðurinn er sviptur af launaskatti?
5. Hvernig verður ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skipt milli útlánaflokka á árinu 1981?

III. Til sjávarútvegsráðherra um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Hvað líður endurskoðun á Framleiðslueftirliti sjávarafurða og væntanlegum tillögum um endurskipulagningu þess?

IV. Til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Verður frv. til laga um fullorðinsfræðslu lagt fram á yfirstandandi Alþingi?